

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími:

Grásleppuvertíðin komin vel á veg

Veiðin samsvarar 6.800 tunnum af hrognum

Grásleppuvertíðin er komin vel á veg. Nú eru 99 bátar búnir með veiðidagana sína og hafa tekið netin upp, en 89 bátar eru enn að veiðum, að því er Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við Fiskifréttir.

Aflinn er mjög svipaður og á sama tíma í fyrra en veiðin hefur skilað um 6.800 tunnum af grásleppuhrognum til þessa. Fram kom hjá Erni að grásleppubátarnir nú væru fimmtungi færri en í fyrra en veiði á dag væri aðeins meiri. Svipaður fjöldi báta var búinn með dagana sína þá eins og nú en munurinn er sá að í fyrra voru 134 bátar eftir á veiðum. Veiðar í innanverðum Breiðafirði mega hefjast 20. maí og í fyrra voru um 50 bátar þar á veiðum. Örn taldi að bátarnir yrðu færri þar í ár.


Örn Pálsson.

„Sökum þess hvað þátttakan í veiðunum er nú minni en í fyrra tel ég góðar líkur á að við náum markmiðum um að veiðin fari ekki mikið fram yfir 10 þúsund tunnur," sagði Örn.

Lítil hætta á offramboði

Strax í upphafi vertíðar lækkaði verð á grásleppunni um fjórðung frá því sem var á síðasta ári. Eftir að ljóst varð að veiðidagar grásleppubáta yrðu 32 eins og í fyrra seig verðið enn meira hjá nokkrum aðilum sem kaupa grásleppu til verkunar. Tveir stærstu kaupendur hafa þó ekki hreyft við verðinu frá upphafi, að sögn Arnar.

„Miðað við þessa stöðu sýnist mér að verðlækkun, sem byggð var á því að hætta væri á offramboði á hrognum á þessari vertíð, sé vart fyrir hendi," sagði Örn.


Grásleppuveiðar. MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

Um 150 krónur hafa fengist fyrir kíló af grásleppu á vertíðinni að þessu sinni. Leggur innihald tunnunnar því sig á um 65 þúsund krónur en verðið var um 85 þúsund krónur í fyrra. Þá hefur hveljan einnig lækkað úr 80 krónum á kíló niður í 50 krónur.

Veiði dræm í apríl við Grænland

Grænlendingar hófu grásleppuveiðar í apríl og var veiðin hjá þeim með slakasta móti. Nú fer í hönd aðalveiðitíminn en fréttir berast frá Grænlandi um að grásleppan sé enn djúpt úti. „Út frá þessu að dæma er líklegt að Grænlendingar veiði ekki meira af grásleppu en í fyrra en þá framleiddu þeir milli 8 og 9 þúsund tunnur," sagði Örn Pálsson.

» kjartan@fiskifrettir.is

> Ég tel góðar líkur á að við náum markmiðum um að veiðin fari ekki mikið fram yfir 10 þúsund tunnur.

Parker Denison
Sérhæft verkstæði fyrir vökvada

Sala, varahlutir og viðgerðir
LANDVÉLAR

TRAUST KNOW HOW LTD.
Traustar lausnir í 35 ár

Flæðiflokkari
★ 6 hliða flokkun
★ Samvalsvirkur
★ Upp í 120 stk. á klst.
★ Auðveldur í notkun
★ Hentar fyrir fisk, kjúkling
Sölumenn sími : 516 3000
traust@traust.is www.traust.is


Kúlurnar eru 9,5" í þvermál, veita minna við

Tegund	Litur	Þvermál mm	Þvermál tommur	Gat
N-240/13A	Gul	240	9,5	24mm
Titanium24/20	Grá	240	9,5	24mm

9,5" trollk
Hydro Dyn
Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:
• Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
• Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
• Ísnet Húsavík - Barðahúsi
• Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
• Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
• Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
• Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími

Nemar sem ná til bín